

## Nefndarálit með breytingartillögu

### um frumvarp til laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Samfylkingin styður efnislegar breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar en mótmælir því að þeir sem hafi tengsl við skattaskjól og aflandssvæði séu ekki undanskildir frá stuðningi ríkisins. Því leggur fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni til breytingar á 1. gr. frumvarpsins um gildissvið svo girt verði fyrir það að fyrirtæki sem setja upp fléttur til að greiða lægri skatta hér á landi fái stuðning úr ríkissjóði. Í samningum ráðherra við Seðlabanka Íslands um svokölluð brúarlán þarf einnig að setja slíkt ákvæði.

Jafnaðarmenn hafa ætíð barist gegn hvers konar skattaundanskotum. Við getum ekki sætt okkur við að auðmenn nýti sér skattaskjól en láti almenning bera uppi samfélagið með skattgreiðslum. Milljarðar króna eru í skattaskjólum sem fólk felur svo það þurfi ekki að greiða sinn hlut til samfélagsins, til heilbrigðisþjónustu, í vegi, löggæslu eða þróunaraðstoð.

Panamaskjölin sýndu að umfang aflandsvæðingar íslensks efnahagslífs var einstakt í heiminum á þeim tíma sem gögnin náðu til. Ástæða er til að ætla að það sé enn stundað hér á landi. Eina leiðin til að vinna gegn slíkum samfélagsmeinum er að banna þá starfsemi með öllu. Í það minnsta ætti ekki að styrkja hana með almannafé.

Pólitísk átök munu fylgja því að uppræta skattaskjól því hagsmunir þeirra sem nýta sér þau eru miklir og þau munu standa saman og segja að það hafi ekkert upp á sig að banna skattaskjölin og að ekki megi setja girðingar vegna þess að sumar flétturnar séu löglegar. Þessa röksemd höfum við reyndar heyrt hér á landi, m.a. frá ráðamönnum.

Það er algjörlega óásættanlegt að rétta þeim fjármuni úr ríkissjóði sem hafa ekki greitt sinn sanngjarna skerf til samfélagsins og hafa sett upp fléttur og flóknar millifærslur beinlínis til að komast hjá því. Á þessum erfiðu tímum, þegar glímt er við heimsfaraldur með tilheyrandi tekjufalli og efnahagserfiðleikum heimila, fyrirtækja, ríkissjóðs og sveitarsjóða kemur ekkert annað til greina en að setja um það skýr skilyrði í lögum.

### Röng túlkun á lögum um tekjuskatt.

Í nefndarálit meiri hlutans er því haldið fram að nægilegt sé að gera þá kröfu að einstaklingar eða fyrirtæki sem njóta stuðnings úr ríkissjóði hafi „fulla og ótakmarkaða skattskyldu“ hér á landi. Að hver sá rekstraraðili sem ber ótakmarkaða skattskyldu hér á landi en flytur síðan tekjur úr landi til að forðast skattgreiðslur hér, eða lætur hjá líða að gera grein fyrir tekjum sínum erlendis, geri það í trássi við lög. Þarna gætir mikils misskilnings hjá meiri hlutanum og er beinlínis röng túlkun á tekjuskattslögunum.

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar eru um að setja sem skilyrði það sem nú þegar er skylt að gera með lögum. Það er ekki þannig að með skilum á CFC-skýrslum hafi einstaklingur eða fyrirtæki sannað að um ótakmarkaða skattskyldu sé að ræða hér á landi, eins og skilja má á áliti meiri hlutans, og að þar með sé búið að útiloka þá sem nýta sér skattaskjól

frá stuðningi ríkisins. Þessi skilningur meiri hlutans á tekjuskattslögunum stenst enga skoðun.

Það sem kallað er skilyrði í frumvarpinu og breytingartillögum meiri hlutans eru innihaldslaus málamyndaaðkvæði sem virðast sett fram til blekkingar. Í fyrsta lagi eru allir rekstraraðilar á Íslandi með fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Þetta atriði útilokar engan. Í öðru lagi er kveðið á um að umsækjandi um stuðning hafi skilað ársreikningi. Sú skylda er nú þegar í lögum, bæði tekjuskattslögum og lögum um ársreikninga. Í þriðja lagi skal upplýsa um raunverulega eigendur. Sú skylda er þegar í lögum. Í fjórða lagi skal hann, ef við á, hafa skilað CFC-skýrslu. Sú skylda er þegar í lögum. Þetta sýnir að engin ný skilyrði eru sett fyrir stuðningi samkvæmt lögunum og breytingartillögurnar eingöngu til að slá ryki í augu þingmanna og almennings.

Allir sem afla sér tekna hér á landi eru með fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér. Ekkert fyrirtæki er þar undanskilið. En það útilokar ekki skattundanskot eða skattasniðgöngu með aðstoð aflandssvæða. Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, lýsir þessu vel í pistli á heimasíðu sinni indridih.com undir yfirskriftinni *Veira í skattaskjólum*: „Skattundanskot og skattasniðganga með aðstoð aflandssvæða felst í því að skattaaðili með „fulla og ótakmarkaða skattskyldu“ hér á landi flytur tekjur sem hér er aflað til félags utan skattalögsögu Íslands, oftast skúffufyrirtækis á lágskattasvæði. „Full og ótakmörkuð skattskylda“ kemur ekki í veg fyrir það. Hún er þvert á móti nauðsynleg forsenda, því annars er ekki um neinar tekjur að ræða. Þessar ráðstafanir sem slíkar eru yfirleitt ekki ólöglegar en þær kunna að fela í sér að með þeim sé verið að sniðganga skattalögin, að láta líta svo út að tekjur íslenskra rekstraraðilans séu tekjur einhvers annars.“

Indriði bendir á að skattasniðgangan geti farið fram með ýmsum hætti, svo sem þannig að íslenskt rekstrarfélag stofni félag á aflandssvæði eða lágskattasvæði sem tekur á móti greiðslunum frá íslenska félaginu. Þetta getur verið arður af hlutafé, vextir af lánnum og þóknunar ymiss konar. Einnig geta slík félög verið milliliðir í falskri milliverðlagningu, selt íslenska félaginu vörur á of háu verði eða keypt vörur af því á of lágu verði. Erlendu félögin eru tengd íslenska félaginu í gegnum eignarhald og tekjur sem sæta ættu skattlagningu hér á landi eru færðar út fyrir landsteinana.

CFC-reglurnar koma ekki í veg fyrir að erlendur aðili eigi rekstrarfélag hér og aflandsfélag í skattaskjólum sem hann flytur hagnaðinn í án þess að greiða af þeim fjármunum skatt til íslensks samfélags. Þær reglur ná ekki til Íslendinga sem býr í London, stofnar félag á Tortóla og það félag á fyrirtæki á Íslandi. Íslendingurinn í London fær tekjur sem aflað er hér á landi fluttar til sín í gegnum aflandsfélagið án þess að greiða skatta hér á landi.

Niðurstaða fyrrverandi ríkisskattstjóra er skýr: „Tilvísun í „fulla og ótakmarkaða skattskyldu“ sem vörn gegn því að aðili sem notar skattaskjól í starfsemi sinni eða er liður í slíkrni starfsemi er marklaus og breytir engu.“

Fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni vill undanskilja frá stuðningi ríkisins alla þá sem eru með tengsl við lágskattaríki og leggur því til breytingu á gildissviði frumvarpsins, sbr. 1. gr. þess.

Fyrsti minni hluti leggur til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi

#### BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Lög þessi gilda um einstaklinga og lögaðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, hófu starfsemina fyrir 1. febrúar 2020 og bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi

skv. 1. eða 2. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Lögin gilda ekki um einstaklinga eða lögaðila sem hafa með höndum, beint eða óbeint, eignarhald eða stjórnun í hvers kyns félagi, sjóði eða stofnun sem telst heimilisföst í lágskattaríki, sbr. 57. gr. a laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, né um lögaðila í beinu eða óbeinu eignarhaldi eða undir stjórn hvers kyns félags, sjóðs eða stofnunar sem telst heimilisföst í lágskattaríki. Lögin gilda ekki um stofnanir, byggðasamlög og fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Alþingi, 9. maí 2020.

Oddný G. Harðardóttir.